

Selfossi 6.apríl 2022

Bæjarstjórn Árborgar

b.t.: Gísla Halldórssonar

bæjarstjóra


**Efni: Ósk um nýjan leigusamning**

Núverandi leigusamningur á milli Sandvíkurseturs ehf og Háskólafélags Suðurlands um leigu á hluta hússins að Tryggvagötu 13, fastanr. 218 5555 nú nefnt Fjölheimar, rennur út um næstkomandi áramót.

Í leigusamningi, sem undirritaður var milli ofangreindra aðila þann 12.09.2012, kemur fram í 12. gr. að leigutaki hafi forgang um leigu þess húsnæðis sem fólst í samninginum. Í 12. gr. er einnig kveðið á um að ætli leigutaki að nýta sér forleigurétt þennan, skal hann senda tilkynningu þess eðlis til leigusala sex mánuðum áður en ofangreindur samningur rennur út.

Hér með tilkynnist, í ljósi ofangreindra ákvæða, að Háskólafélag Suðurlands í samvinnu við Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi óskar eftir að endurnýja samning um leigu ofangreindar eignar..

Með vinsemd og virðingu



Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands.

Fyrir hönd samstarfsaðila



Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri Fræðslunetsins.